

# LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

## Ársfundur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

Ársfundur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna var haldinn mánudaginn 14. apríl 2008 kl. 17 í Hvammi á Grand Hótel.

Gunnar P. Pálsson, formaður stjórnar sjóðsins, setti ársfundinn og bauð fundarmenn velkomna. Formaður gerði tillögu um Helga Magnússon, varaformann stjórnar sjóðsins, sem fundarstjóra og var hún einróma samþykkt. Fundarstjóri gerði grein fyrir boðun fundarins sem var auglýstur í Morgunblaðinu hinn 27. janúar, 9. mars og 14. apríl og í Fréttablaðinu 9. mars og 14. apríl og lýsti hann fundinn lögmætan. Fundarstjóri lagði síðan til að Valgarður Sverrisson yrði fundarritari og var það samþykkt samhljóða.

### 1. Skýrsla stjórnar

Gunnar P. Pálsson formaður flutti skýrslu stjórnar. Sagði hann að ávöxtun á árinu 2007 hefði verið 7,0% sem samsvarar 1,1% raunávöxtun. Ávöxtun sjóðsins hefur verið sérstaklega góð á fjórum af undanförunum fimm árum og hefur 5 ára meðalraunávöxtun sjóðsins aldrei verið hærrí eða 10,6%. Þá er meðalraunávöxtun síðustu 10 ára 6,9%.

Afkoma sjóðsins á fyrri árshelmingi 2007 var góð en á síðari helmingi ársins tóku verðbréfamarkaðir að lækka samfara erfiðleikum á fasteignalánamarkaði í Bandaríkjunum og lausafjárþurrð sem fylgdi í kjölfarið. Það eru vissulega vonbrigði að geta ekki hækkað lífeyrisréttindi sjóðfélaga í ársbyrjun 2008 eins og útlit var fyrir þegar árið 2007 var hálfnað.

Á liðnu ári hækkaði lágmarksiðgjald til lífeyrissjóða skv. lögum úr 10% í 12% og var lagabreytingin gerð í tengslum við kjarasamninga sem aðilar á almennum vinnumarkaði gerðu um að iðgjaldið hækki í áföngum í 12% frá 2007. Ástæður fyrir hækkun iðgjaldsins eru aukið langlífi og aukin örorkubyrði lífeyrissjóðanna.

## LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Formaður sagði að oft hafi borið á misskilningi varðandi starfsemi lífeyrissjóðanna og m.a. litið til þess að eignir sjóðanna séu það miklar að þeir geti greitt núverandi lífeyrisþegum hærrí lífeyri, eða ráðstafað fjármunum til annarra verkefna en lífeyrisgreiðslna til sjóðfélaga. Sagði hann að ætíð þurfi að hafa hugfast að lífeyrissjóðir á almennum vinnumarkaði byggja alfarið á sjóðsöfnun og lúta ströngu eftirliti. Sjóðsöfnunin felur í sér að þeir verða á hverjum tíma að sýna fram á að þeir geti staðið við þau lífeyrisloforð sem þeir hafa lofað sínum sjóðfélögum vegna þeirra iðgjalda sem þeir hafa greitt til lífeyrissjóðanna. Líta má á hverja kynslóð, jafnvel hvern aldursárgang, sem sérstaka deild sem verður að standa undir sínum lífeyri þegar þar að kemur. Þannig verða þeir sem í dag eru ungir að geta treyst því að iðgjöldum þeirra sé ekki varið til þess að auka sérstaklega lífeyri þeirra sem nú eru á lífeyrisaldri.

Á undanförunum 20 árum hefur lífeyrisþegum sjóðsins fjölgað mikið samhliða því sem heildarlífeyrisgreiðslurnar hafa farið vaxandi. Fjöldi lífeyrisþega hefur tæplega 7 faldast og nemur fjölgunin að meðaltali 10% á ári á þessum tíma. Þá hafa lífeyrisgreiðslur sjóðsins á föstu verðlagi 10 faldast frá árinu 1987 til 2007 eða úr 415 milljónum í 4.126 milljónir.

Þá sagði formaður að unnið væri að því að efla samstarf sjúkrasjóðs VR og lífeyrissjóðsins með það að markmiði að auka endurhæfingu þeirra sem njóta greiðslna úr sjúkrasjóðnum þannig að sem flestir einstaklingar sem lenda í slysi eða veikindum nái að komast aftur út á vinnumarkaðinn áður en til úrskurðar örorkulífeyris kemur.

Tryggingafræðileg staða sjóðsins er traust og hefur sjóðurinn gott borð fyrir báru ef þróun á verðbréfamörkuðum verður óhagstæð á árinu 2008, en hlutabréfamarkaðir hafa lækkað nokkuð það sem af er ári bæði héraendis og erlendis.

Formaður þakkaði að lokum stjórnarmönnum og forstjóra fyrir gott og ánægjulegt samstarf á liðnu ári. Jafnframt þakkaði hann fyrir hönd stjórnar lífeyrissjóðsins öllu starfsfólki sjóðsins fyrir góð störf á liðnu ári.

## LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

### 2. Greinargerð forstjóra

#### a) Ársreikningur fyrir síðasta starfsár

Þorgeir Eyjólfsson forstjóri gerði grein fyrir ársreikningi sjóðsins fyrir árið 2007. Í ræðu forstjóra kom m.a. fram að afkoma sjóðsins á fyrri árshelmingi 2007 var góð en á síðari helmingi ársins tóku verðbréfamarkaðir að lækka samfara erfiðleikum á fasteignalánamarkaði í Bandaríkjunum og lausafjárþurrð sem fylgdi í kjölfarið. Innlent hlutabréfasafn sjóðsins sýndi góðan árangur á árinu eða ávöxtun upp á tæp 7% á sama tíma og innlendar hlutabréfavísitölur lækkuðu. Gengisvarnir drógu úr neikvæðum áhrifum styrkingar íslensku krónunnar.

Forstjóri sagði það ekki hafa verið sjálfstætt markmið við rekstur sjóðsins á liðnum árum að ná bestri ávöxtun lífeyrissjóða, heldur stefnt markvisst að því að vera í hóp þeirra sjóða sem bestri ávöxtun ná á hverjum tíma. Þetta markmið hefur gengið upp á liðnum árum og sjóðurinn ávallt náð að skipa sér í hóp þeirra sjóða sem bestum árangri hafa náð við ávöxtun eigna sinna. Þannig er meðalávöxtun sjóðsins sú önnur besta af lífeyrissjóðunum síðustu fimm árin. Ýmislegt hjálpaði þar til eins og eignaskipting og aðgerðir við gjaldeyrisvarnir samfara miklum sveiflum á íslenska gjaldmiðlinum.

Iðgjöld sjóðfélaga og launagreiðenda námu 15,6 milljörðum í samanburði við 12,8 milljarða á árinu 2006 og hækkuðu því um 22,1% á liðnu ári. Á greiðslugrunni hækkuðu iðgjöldin um 24,6%. Á árinu 2007 hækkaði kjarasamningsbundið iðgjald úr 11% í 12%.

Lífeyrisgreiðslur námu 4,1 milljarði á liðnu ári og hækkuðu um 16% frá árinu 2006 þegar þær námu 3,5 milljörðum. Þar af nam ellilífeyrir 2.659 milljónum og örorkulífeyrir 948 milljónum að teknu tilliti til framlags ríkisins til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóðanna en hlutur sjóðsins í framlaginu nam 179 milljónum. Lífeyrisþegar voru 8.103 um síðustu áramót og fjölgaði um 6% á síðasta ári. Þar af þáðu 4.445 ellilífeyrir og 2.012 örorkulífeyri.

## LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Fjárfestingartekjur námu alls 17,5 milljörðum á liðnu ári samanborið við 40,4 milljarða á árinu 2006. Lækkun fjárfestingatekna milli ára er bæði til komin vegna lækkunar á innlenda hlutabréfamarkaðinum en einnig vegna neikvæðra fjármunatekna af erlendu verðbréfaeigninni í ljósi styrkingar krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum á liðnu ári.

Rekstrarkostnaður sjóðsins vegna fjárfestinga nam á síðasta ári 221 milljón. Annar rekstrarkostnaður sjóðsins nam 203 milljónum á liðnu ári. Inni í þessum tölum er launakostnaður sjóðsins með launatengdum gjöldum sem nam 269 milljónum á liðnu ári. Aðrar tekjur sjóðsins námu 70 milljónum.

Rekstrarkostnaður sjóðsins að frádregnum öðrum tekjum nam 0,89% af iðgjöldum eða 0,054% af eignum, sem er það lægsta sem þekkist meðal lífeyrissjóðanna. Hjá lífeyrissjóðnum starfa nú 28 starfsmenn. Meðalfjöldi stöðugilda á árinu 2007 var 27,5 samanborið við 27,1 árið áður.

Hrein eign sjóðsins í árslok til greiðslu lífeyris nam 269,1 milljarði og hækkaði eignin um 29 milljarða á milli ára eða um 12%.

Fjárfestingar eða verðbréfaeign sjóðsins auk eignarhluta sjóðsins í Húsi verslunarinnar námu 260,9 milljörðum í árslok og hækkuðu um rúma 24 milljarða á árinu eða 10%. Innlend hlutabréfaeign nam á markaðsverði 56,9 milljörðum og erlend verðbréfaeign sjóðsins nam 84,4 milljörðum. Skuldabréfasafn sjóðsins nam 119,3 milljörðum í árslok og þar af eru útistandandi lánveitingar til sjóðfélaga 32,3 milljarðar.

Á árinu 2007 námu nýjar fjárfestingar sjóðsins 55,6 milljörðum. Sjóðfélögum voru lánaðar 5,1 milljarður og keypt voru skuldabréf Íbúðalánasjóðs fyrir 15 milljarða. Önnur verðbréfakaup og lánveitingar svo sem til stofnlánasjóða auk kaupa á markaðsverðbréfum banka og fyrirtækja námu 3,6 milljörðum. Keypt voru innlend hlutabréf fyrir 20,6 milljarða og erlend verðbréf fyrir 11,3 milljarða.

## LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Í árslok 2007 námu íbúðabréf og önnur ríkistryggð skuldabréf 18% af verðbréfaeigninni, markaðsverðbréf banka, fjárfestingalánasjóða, eignarleiga, sveitarfélaga og fyrirtækja voru 16% eignarinnar og sjóðfélagalán 12%. Innlend hlutabréf voru 22% og erlend verðbréf 32% af verðbréfaeigninni.

Kröfur á launagreiðendur námu um síðustu áramót 1.748 milljónum og hækkuðu um 308 milljónir á árinu. Að lang stærstum hluta er þar um að ræða ógreidd iðgjöld vegna desembermánaðar sem skilað er af launagreiðendum í janúarmánuði. Aðrar kröfur eru 706 milljónir. Undir liðnum aðrar eignir eru bankainnistæður fyrirferðamestar en þær námu 6 milljörðum í árslok 2007 samanborið við 1,6 milljarða í árslok 2006.

Á árinu 2007 voru afgreidd 924 lán til einstaklinga í samanburði við 954 lán árið áður sem er fækkun um 3%. Heildarfjárhæð afgreiddra sjóðfélagalána var 5,1 milljarður samanborið við 5,6 milljarða árið 2006 sem er lækkun um 10% milli ára.

Hlutabréfaviðskipti sjóðsins námu 43,4 milljörðum á liðnu ári. Lífeyrissjóðurinn fjárfesti í innlendum hlutabréfum fyrir 20,6 milljarða á síðasta ári. Seld voru hlutabréf fyrir 22,8 milljarða. Um síðustu áramót nam hlutabréfaeign sjóðsins 56,9 milljörðum eða 21,8% af verðbréfaeign samanborið við 56,4 milljarða í árslok 2006.

Raunávöxtun innlendu hlutabréfaeignar Lífeyrissjóðs verzlunarmanna á liðnu ári var 1% og nafnávöxtun 6,9% en til samanburðar lækkaði Úrvalsvisitála aðallista Kauphallarinnar um 1,4%. Lífeyrissjóðurinn er nú hluthafi í 18 hlutafélögum.

Innlenda hlutabréfaeignin hefur ávaxtast vel á liðnum árum og sýnir 19,5% árlega raunávöxtun yfir 28 ára tímabil, þ.e. frá 1980 til ársloka 2007. Ávöxtun innlendu hlutabréfaeignar sjóðsins á undanförunum árum hefur tekist afskaplega vel og er uppsöfnuð umframávöxtun hennar samanborið við Úrvalsvisitölu Kauphallar Íslands 102% yfir 11 ára tímabil frá 1997 til 2007.

## LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Erlend verðbréfaeign sjóðsins um sl. áramót nam 84,4 milljörðum samanborið við 82,1 milljarð í árslok 2006 og er nú 32% af verðbréfaeign. Af erlendu verðbréfaeigninni eru 7,7 milljarðar í skuldabréfasjóðum.

Á liðnu ári hækkaði heimsvísitala Morgan Stanley um 7,5%, en hún er helsti mælikvarði á breytingu hlutabréfaverðs í heiminum. Ávöxtun erlendu verðbréfaeignarinnar í dollurum var 12,1% á árinu 2007 en á móti styrktist íslenska krónan gagnvart erlendum gjaldmiðlum um 7,1%. Gerðir hafa verið framvirkir gjaldeyrissamningar til að draga úr misvægi á gjaldmiðlasamsetningu erlendar verðbréfaeignar sjóðsins gagnvart gengisvog íslensku krónunnar og til að draga úr gjaldeyrissáhættu sjóðsins. Afkoma samninga var jákvæð á árinu og er færð í ársreikninginn á meðal vaxtatekna, verðbóta og gengismunar.

Ávöxtun á árinu 2007 var 7,0% sem samsvarar 1,1% raunávöxtun samanborið við 12,7% raunávöxtun á árinu 2006. Hrein ávöxtun þegar rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá hreinum fjármunatekjum var 7,0% sem samsvarar 1,1% raunávöxtun. Meðalraunávöxtun síðustu 5 ára er 10,6% og síðustu 10 ára 6,9%. 5 ára meðalraunávöxtun sjóðsins er sú besta í sögu sjóðsins og jafnframt sú önnur besta í samanburði við aðra lífeyrissjóði.

Sjóðurinn stendur afar vel þegar gerður er samanburður á ávöxtunarárangri sjóðsins við aðra lífeyrissjóði og við lífeyrissjóði eða lífeyrissparnaðarreikninga sem reknir eru á vegum banka eða sparisjóða. Þannig var meðalnafnávöxtun sjóðsins á ári síðustu fimm árin yfir 2% hærra heldur en eintaklingar í viðskipum við bankanna nutu hjá þeim.

Iðgjöld til séreignardeildarinnar námu 597 milljónum á árinu 2007 samanborið við 629 milljónir árið áður. Eignir á reikningum í séreignardeild námu 6,5 milljörðum í árslok samanborið við 5,6 milljarða í árslok 2006 sem er aukning um 16%. Alls áttu um rúmlega 40 þúsund einstaklingar inneignir í séreignardeild í árslok 2007. Rekstrarkostnaður séreignardeildarinnar er með því lægsta sem þekkist meðal lífeyrissjóðanna eða einungis 0,05% af eignum. Hrein nafnávöxtun inneigna á

## LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

séreignarreikningum var 7,0% sem svarar til 1,1% raunávöxtunar. Séreignardeildin er ávöxtuð samhliða öðrum eignum sjóðsins.

### b) Tryggingafræðileg athugun

Forstjóri greindi frá því að tryggingafræðileg úttekt miðað við árslok 2007 sýndi að eignir og verðmæti framtíðariðgjalda námu 22,4 milljörðum eða 4,7% umfram heildarskuldbindingar samanborið við 7,9% stöðu í árslok 2006. Eignir umfram áfallnar skuldbindingar námu 48,6 milljörðum eða 21,8% af hreinni eign til greiðslu lífeyris.

### c) Fjárfestingastefna og fjárhagsáætlun 2008

Forstjóri greindi frá því að fjárfestingastefna sjóðsins hefði ekki breyst á árinu 2007. Hann gerði jafnframt grein fyrir fjárhagsáætlun ársins 2008 en ekki er gert ráð fyrir markaðssölu verðbréfa í áætluninni.

Áætlað er að lánveitingar til sjóðfélaga verði 10 til 20% af ráðstöfunarfé, kaup á skuldabréfum stofnlánasjóða og fyrirtækja nemi allt að 5%, keypt verði skuldabréf íbúðalánasjóðs fyrir 10 til 25%, varið verði til kaupa á ýmsum markaðsskuldbréfum 10 til 20% af ráðstöfunarfé, til innlendra hlutabréfakaupa verði varið 10 til 20% og 15 til 25% verði varið til kaupa á erlendum verðbréfum. Fjárhagsáætlunin er sífellt til endurskoðunar eftir aðstæðum á fjármagnsmörkuðum.

### d) Ákvörðun um stjórnarlaun

Forstjóri gerði grein fyrir ákvörðun um laun stjórnar. Sagði hann að laun stjórnarmanna væru 95.000 kr. á mánuði og fengi formaður tvöföld stjórnarlaun og varaformaður ein og hálföld stjórnarlaun.

Að lokum þakkaði forstjóri samstarfsfólki sínu fyrir mjög gott samstarf og formanni og stjórn þakkaði hann ánægjulegt samstarf á liðnu starfsári. Að endingu þakkaði hann, fyrir hönd starfsmanna sjóðsins, þeim fjölmörgu sjóðfélögum sem leituðu til sjóðsins með málefni sín á liðnu ári fyrir ánægjuleg samskipti.

## LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Fundarstjóri gaf orðið laust um skýrslu formanns og forstjóra. Enginn kvaddi sér hljóðs.

### 3. Önnur mál

Guðmundur Ingi Kristinsson kvaddi sér hljóðs. Kvatti hann stjórn sjóðsins til að endurskoða fjárfestingar sínar í tryggingafélögum þar sem þau hefðu að hans mati brotið gegn einstaklingum með bótarétt.


Guðmundur H. Garðarsson kvaddi sér hljóðs og þakkaði stjórn, forstjóra og starfsmönnum sjóðsins fyrir góðan rekstrarárangur á liðnu ári í ljósi erfiðleika í íslensku efnahagslífi. Hvatti hann stjórn sjóðsins til að standa vörð um lífeyrissjóðinn gagnvart stjórnámálamönnum en það væri eins og það gleymdist stundum að lífeyrissjóðirnir hefðu ekki orðið til af sjálfu sér.

Formaður svaraði Guðmundi Inga Kristinssyni og sagði að sjóðurinn ætti ekki beinan eignarhlut í tryggingafélagi heldur óbeint í gegnum hlutafjareign í fjárfestingafélögum. Sagði hann að fjárfestingar sjóðsins væru sífellt til endurskoðunar og að málið yrði skoðað ef sú staða kæmi upp að tryggingafélag yrði dæmt fyrir ólöglegt athæfi.

Að endingu þakkaði formaður Guðmundi H. Garðarssyni fyrir hlý orð í garð stjórnenda sjóðsins.


Ekki tóku fleiri til máls.

Fundarstjóri þakkaði fundarmönnum fyrir setu þeirra á ársfundinum og sleit fundi kl. 17.40.



Helgi Magnússon

fundarstjóri



Valgarður Sverrisson

fundarritari